

Nd.

189. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kvatt á sinn fund Þórhall Ásgeirsson ráðuneyttisstjóra, sem gaf ýmsar upplýsingar um málið.

Með frv. þessu er stefnt að því að skapa jafnræði milli innlendra vara og innfluttra, að því er þær álögur snertir, sem frv. fjallar um. En samkvæmt samkomulagi Íslands um aðild að Friverzlunarsamtökum Evrópu verða innflutningshömlur á sælgæti afnumdar í áföngum á árunum 1972—75. Jafnframt skulu tollar á innfluttu sælgæti frá aðildarríkjum EFTA lækka, einnig í áföngum, á árunum 1970—80. Er flutningur þessa frumvarps því bein afleiðing téðra ákvæða í EFTA samkomulaginu.

Fjárhagsnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Gils Guðmundsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason.
Þórarinn Þórarinsson.	Matthías Á. Mathiesen. Karvel Pálmason.	Matthías Bjarnason.